

Orlof 2007
VRblaðið

2. tbl. 29. árgangur mars 2007



Í þessu blaði...

04 Tilögur fyrir aðalfund

07 Hvernig á að bóka?

08 Húsafell

10 Stykkishólmur

11 Súðavík

12 Varmahlíð

13 Hrísey

14 Akureyri

15 Illugastaðir

16 Einarstaðir

17 Vestmannaeyjar

18 Ölfusborgir

19 Miðhúsaskógur

20 Allt undir sólinni

22 Sótt í smiðju meistarans


24 Minni-Borg

25 Hraunborgir

26 Flúðir

27 Tjaldvagnar

28 Hvar eru orlofshús VR?



VR

Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7, 103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is



Orlofshús VR

Þetta VR blað er helgað orlofstilboðum félagsins í sumar. Mikil umræða hefur verið um framtíðarskipun orlofsmála á undanförunum misserum og í ár kynnum við breytingu á útleigu orlofshúsa. Horfið er frá því að úthluta orlofshúsum eftir punktakerfi, eins og gert hefur verið um árabíl, en í staðinn verður opnað fyrir bókanir húsanna fyrir allt sumarið þann 2. apríl með sambærilegum hætti og fólk pantar sér aðra ferðapjónustu á almennum markaði. Á undanförunum árum hefur umsóknunum um orlofshús á sumrin fækkað um 50%. Við höfum reyndar hækkað leiguverð orlofshúsa sem hugsanlega hefur leitt til minnkandi eftirspurnar – hækkan á leiguverði má rekja til tilkomu orlofsávísana og VR varasjóðs á síðasta ári sem hvoru tveggja var reyndar hægt að nota til að greiða niður orlofshús. En við heyrum einnig um sambærilega fækkun umsókna hjá öðrum félögum sem ekki hafa hækkað leiguverð sinna orlofshúsa.

Skömmu áður en opnað verður fyrir bókanir orlofshúsa verður lagt inn á varasjóð félagsmanna vegna ársins 2006, ef tillaga stjórnar VR þar um verður samþykkt á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 26. mars nk. Stjórn félagsins leggur til að samtals verði lagðar um 412 milljónir króna inn á varasjóð félagsmanna í ár en sjóðurinn var stofnaður á síðasta ári með um 850 milljóna króna stofnframlagi. Ein af ástæðum fyrir stofnun varasjóðsins voru óskir félagsmanna um breyttar áherslur. Það er ljóst að landslagið í orlofsmálum Íslendinga hefur gerbreyst á fáum áratugum, orlofshúsum hefur fjölgað verulega ásamt tjald-

vögnum, fellihýsum og ferðabílum og ferðalög til útlanda eru orðin hlutfallslega ódýrari en áður. Jafnframt er ljóst að rekstrarkostnaður VR vegna orlofshúsa virðist ekki vera lægri en hjá öðrum ferðapjónustuaðilum. Því var niðurstaðan sú að skilja í meira mæli á milli reksturs orlofshúsa og niðurgreiðslu dvalar í þeim en jafnframt að auka möguleika félagsmanna að nýta inneignina í varasjóði hjá ferðapjónustuaðilum að eigin vali.

Við höfum líka áhyggjur af versnandi umgengni í orlofshúsum okkar. Það virðist færast í aukana að ungir félagsmenn leigi orlofshús fyrir eftirlitslaus parti. Í febrúar þurfti að kalla til lögreglu til að leysa upp fíkniefnapartí í orlofshúsi VR og það sem af er þessu ári höfum við ítrekað þurft að senda starfsmenn frá Reykjavík til að aðstoða við þrif þar sem umsjónamaður okkar hefur ekki komist yfir að þrifa eftir parti helgarinnar. Sú spurning hlýtur að vakna hvort það sé ekki ábyrgðarhluti að hafa ekki umsjónarmenn á staðnum, sérstaklega í ljósi þeirrar hættu sem fylgir heitum pottum og kófdrukknu fólki? Og einnig þurfum við að spyrja okkur hvort meina eigi félagsmönnum yngri en 20 ára að leigja orlofshús? Þessi 19 ára sem leigði hús hjá okkur í byrjun mars og skildi það eftir í hörmulegu ástandi svo ekki sé meira sagt - útældu, húsgögnin brotin og 8 sængur og undirdýnur haugamatúr - svaraði þegar starfsmaður VR hringdi í hann; „Haltu kjafti, víst þreif ég“ og skellti á.

GPP

Ábyrgðarmaður: Gunnar Páll Pálsson **Ritstjóri:** Anna Björg Siggeirsdóttir **Umbrot og útlit:** Tómas Bolli Hafþórsson **Ljósmyndir m.a.:** Gunnar Kristinn, Arnaldur, Kristján Maack, Ragnar Th., Andrjes Guðmundsson og Vigfús Birgisson. **Prentun:** Oddi. **Upplag:** 22.600 **Stjórn VR:** Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefania Magnúsdóttir varaformaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari. **Meðstjórnendur:** Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Margrét Torfadóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson. **Varamenn:** Jón Magnússon og Þorlákur Jóhannsson. **Stjórn Orlofsjóðs VR:** Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Valur M. Valtýsson, Gunnar Böðvarsson, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Margrét Torfadóttir. **Til vara:** Margrét Sverrisdóttir. **Stjórn Sjúkrasjóðs VR:** Stefania Magnúsdóttir formaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Lykke Bjerre Larsen, Jón Magnússon. **Til vara:** Þorlákur Jóhannsson.



Tillögur fyrir aðalfund 2007

Rúmar 400 milljónir til tugþúsunda félagsmanna

Rúmar 410 milljónir króna verða lagðar inn á VR varasjóð um 38 þúsund félagsmanna í lok mars ef tillaga stjórnar þess efnis verður samþykkt á aðalfundi 26. mars. VR varasjóður er sérgreindur sjóður félagsmanna en stofnun hans var samþykkt á aðalfundi í fyrra. Stofnframlag sjóðsins nam alls 853 milljónum króna sem svarar til að meðaltali 30 þúsund króna réttindainneignar hvers og eins félagsmanns við stofnun. Samkvæmt reglum um sjóðinn er lagt inn á hann einu sinni á ári, eftir aðalfund. Stjórn VR leggur fyrir fundinn tillögu að því hversu hátt hlutfall af iðgjöldum ársins á undan renni í varasjóð og er þá tekið mið af afkomu sjóðanna sem að varasjóði standa. Það er síðan aðalfundar að ákveða endanlega hlutfallið. Í ár er tillaga stjórnar að 412 milljónir verði lagðar inn í sjóðinn, eins og fram kemur hér að framan. Þar sem lagt er inn í sjóðinn einu sinni á ári uppfærist staða hvers og eins félagsmanns aðeins þá.

Hvað er VR varasjóður?

VR varasjóður sameinar réttindi félagsmanna í nokkrum sjóðum, veitir þeim meiri sveigjanleika til að nýta sér þessi réttindi og auðveldar aðgengi að þeim. Félagsmenn geta nýtt varasjóð sinn m.a. vegna námsorlofs og kaupa á menntunarbýgðum, framfærslu samhliða atvinnuleysisbótum, starfsloka eftir að 60 ára aldri hefur verið náð, orlofs og kaupa á tryggingum af ýmsum toga, líkamsrækt og þjónustu lækna og sjúkraþjálfara svo eitthvað sé nefnt. Hægt er að taka út úr sjóðnum hvenær sem er, svo lengi sem inneign er til staðar.

Allar upplýsingar á www.vr.is

Í kjölfar aðalfundar 2007 verður sent yfirlit til félagsmanna þar sem fram kemur staða viðkomandi í varasjóði ásamt upplýsingum um stöðu í öðrum sjóðum, þjónustu sem félagsmaðurinn hefur nýtt sér á árinu og yfirlit yfir greidd félagsgjöld. Þessar upplýsingar má einnig sjá á Mínum síðum en hægt er að sækja um lykilorð á Mínar síður á forsiðu heimasíðu VR, www.vr.is, þar sem einnig eru nánari upplýsingar um VR varasjóð.

Stjórn leggur til 30% lækkun félagsgjalds

Á aðalfundi VR verður lögð fram tillaga um lækkun félagsgjalds í 0,7%. Ein helsta ástæða þessarar tillögu er að hagnaður af rekstri félagsins hefur aldrei verið meiri og það er mat stjórnar að nú sé lag til þess að lækka gjaldið, félagsmönnum til hagsbóta.

Hagkvæmur rekstur félagsins undanfarin ár hefur skilað sterkri stöðu allra sjóða. Hagnaður var rúmar 980 milljónir króna í fyrra og hefur aldrei verið meiri. Að mati stjórnar eru nú forsendur fyrir því að endurskoða félagsgjaldið með varanlega lækkun í huga. Það er tillaga stjórnarinnar að félagsgjaldið verði lækkað um 30% og fært niður í 0,7% af heildarlaunum en það er nú 1%.

Verði tillagan samþykkt verður tilkynnt eftir aðalfund hvenær lækkunin kemur til framkvæmda en ljóst er að undirbúningur þess kann að taka nokkrar vikur. Með lækkun félagsgjalds og rúmlega 400 milljóna króna framlagi í VR varasjóð (sjá umfjöllun annars staðar á síðunni) vill stjórn færa félagsmönnum ávinninginn af sterkri stöðu félagsins.



Hvað eru Mínar síður?

Á Mínum síðum finnur þú allar upplýsingar um þig og þína stöðu

Félagsmenn VR hafa aðgang að Mínum síðum á www.vr.is en þar er að finna ýmsar upplýsingar um stöðu hvers og eins hjá félaginu. Á forsíðunni á Mínum síðum er yfirlit yfir stöðu í sjóðum, s.s. hversu mörg stig viðkomandi á fræðslusjóði og hver inneign er í varasjóði. Þar er einnig kafli sem heitir Þín réttindi og eru þar tínd til helstu réttindi hvers og eins samkvæmt kjarasamningi, s.s. upphæð orlofsuppbótar.

Yfirlit yfir félagsgjöld

Á Mínum síðum er birt yfirlit yfir greidd félagsgjöld frá upphafi. Þarna er einnig að sjá yfirlit yfir þá þjónustu sem viðkomandi hefur sótt til félagsins og hversu mikið hann hefur fengið greitt úr sjóðum þess. Öryggisnúmerið er birt á Mínum síðum en upplýsingar um stöðu og inneign í sjóðum eru ekki veittar í gegnum síma nema öryggisnúmer sé gefið upp.

Sérstök umfjöllun um varasjóð

Á Mínum síðum er sérstök umfjöllun um VR varasjóð. Þar er að finna upplýsingar um innlagnir í sjóðinn úttektir og svör við helstu spurningum um starfsemi hans og reglugerð sjóðsins.

Trúnaðarmenn með sérsíður

Trúnaðarmenn fá að auki sérstaka umfjöllun á Mínum síðum þar sem birtar eru ýmsar hagnýtar upplýsingar, fjallað um hlutverk og réttindi trúnaðarmanna, yfirlit yfir trúnaðarmannanámskeiðin og möguleiki fyrir trúnaðarmenn til að skrá sig á námskeið.

Hægt að sækja um lykilorð á vefnum

Allir félagsmenn VR sem ekki hafa fengið lykilorð inn á Mínar síður fá það sent eftir aðalfund ár hvert með yfirliti yfir samskipti þeirra við VR og stöðu í sjóðum félagsins. Þeir sem hafa glatað sínu lykilorði geta sótt um nýtt og verður það sent í pósti á lögheimili viðkomandi. Lykilorð eru ekki gefin upp í gegnum síma eða send á tölvupósti; á Mínum síðum eru launatengdar og persónulegar upplýsingar og falla þær undir lög um persónuvernd.



ORLOFSHÚS

Notaðu varasjóðinn til að greiða leiguna

Allir félagsmenn geta notað inneign sína í VR varasjóði þegar þeir greiða fyrir orlofshús hjá VR. Lagt er inn í sjóðinn einu sinni á ári, eftir aðalfund sem í ár verður haldinn mánudagskvöldið 26. mars. Þegar opnað verður fyrir bókanir orlofshúsa kl. 8:30 að morgni mánudagsins 2. apríl verður því ljóst hver inneign þín í sjóðnum er. Þú getur notað inneignina til að greiða fyrir leiguna að stærstum hluta, en samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra verður leigutaki að greiða kr. 1.500 fyrir hverja nótt í orlofshúsi. Þú getur einnig ákveðið að greiða alla leiguna án þess að nota inneign þína í VR varasjóði og safnað þannig áfram í sjóðinn til að nota síðar, ákvörðunin er þín. Nánar um VR varasjóð á www.vr.is

Netbókun og varasjóður

Til að nota inneign í VR varasjóði þegar þú bókar og greiðir fyrir orlofshús á netinu er fyrirkomulagið sem hér segir:

Skráðu þig inn á Mínar síður frá forsíðu www.vr.is.

Ef þú hefur aldrei fengið sent eða sótt um lykilorð á Mínar síður er það skráð ofarlega til hægri á yfirliti sem sent er til þín að loknum aðalfundi 26. mars.

6 VRblaðið

Ef þú hefur hins vegar fengið lykilorð en glatað því getur þú sótt um nýtt með því að velja **Sækja um lykilorð** undir innskráningarglugganum á forsíðu vr.is. Þú færð lykilorðið sent í pósti en ekki er heimilt að senda lykilorð á netfang þar sem upplýsingar á síðunum falla undir lagaákvæði Persónuverndar.

Bókaðu húsið á vefnum

Þegar þú hefur skráð þig inn á Mínar síður velurðu síðuna Orlofshús í veftrénu vinstra megin á síðunni. Þar undir er síða sem heitir Orlofshús sumarið 2007. Á þeirri síðu eru allar upplýsingar sem þú þarft til að bóka húsið og greiða fyrir með inneign í VR varasjóði.

Athugaðu að þegar þú notar VR varasjóðinn til að greiða fyrir leiguna er öll leigan greidd með inneigninni, að frádregnum kr. 1.500 fyrir hverja nótt. Ef inneign þín dugar ekki fyrir allri leigunni greiðir þú það sem uppá vantar.

[Sæktu um lykilorð á vr.is núna!]

Helstu breytingar á bókun orlofshúsa eru:

Fyrstur bókar, fyrstur fær

Engin úthlutun, staðfesting berst strax

Opnað er fyrir allt leigutímabilið þann 2. apríl kl. 8:30

Hægt að bóka á netinu, í síma 510 1700 eða á skrifstofum VR

Allir fullgildir félagsmenn geta bókað, óháð punktastöðu

Staðfestingargjald kr. 3.000, óafturkræft

Breytingargjald kr. 2.000

ORLOFSHÚS

Róttækar breytingar á leigu orlofshúsa

Aldrei verið auðveldara að bóka, vinsamlega kynntu þér þessar breytingar.

Ekki verður lengur farið eftir punktaineign við útleigu orlofshúsa VR og húsum verður þar af leiðandi ekki úthlutað. Þannig þarf ekki að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði og bíða svo í nokkrar vikur eftir niðurstöðu. Þess í stað munum við opna fyrir leigu sumarsins í heild sinni að morgni **mánudagsins 2. apríl kl. 8:30**.

Með þessu viljum við bregðast við þeim miklu breytingum orðið hafa í Þjóðfélaginu en nú er hægt að bóka nánast hvað sem er á netinu. Þetta auðveldar einnig félagsmönnum að velja tíma sem þeim hentar. Staðfesting liggur fyrir nokkrum mínútum eftir bókun og því er auðvelt að skipuleggja sumarfríð með góðum fyrirvara. Þetta fyrirkomulag verður í gildi sumarið 2007 í tilraunaskyni og mun framhaldið ráðast af móttökum félagsmanna.

Staðfestingar- og breytingargjald

Kr. 3.000 óafturkræft staðfestingargjald er tekið af öllum bókunum, hvort sem þær eru gerðar á netinu, í síma eða á skrifstofum VR.

Kr. 2.000 breytingargjald er tekið við allar breytingar sem gerðar eru á bókun eftir að hún hefur verið greidd.

Fyrirkomulagið er sem hér segir:

Opnað verður fyrir bókun á neti, í síma og skrifstofum VR fyrir sumarið í heild sinni kl. 8:30 að morgni mánudagsins 2. apríl og gildir þá reglan „fyrstur bókar fyrstur fær“.

Til að nota inneign í VR varasjóð til að greiða fyrir leiguna, sjá bls. 6.

Allir fullgildir félagsmenn geta bókað hús, óháð punktastöðu.

Við bókun skiptir það eitt máli að félagsmaðurinn sé að greiða til félagsins þegar hann bókar hús og gengur frá greiðslu fyrir það og að hann sé fullgildur en það felur í sér hann hafi greitt sem svarar lágmarksfélagsgjaldi á síðustu tólf mánuðum.

Hægt verður að bóka vikuleigur, frá föstudegi til föstudags, eða skammtímaleigu í ákveðin hús eins og verið hefur undanfarin ár. Farið verður með leigu á tjaldvögnum á sama hátt og leigu orlofshúsa.

Þó punktastaða skipti ekki máli við bókun orlofshúsa verða dregnir frá punktar fyrir hverja leigu eins og fram kemur í bókunarreglum húsanna en þær má sjá á www.vr.is. Ástæða þess að við drögum frá punkta er m.a. sú þetta fyrirkomulag er gert í tilraunaskyni í sumar og hefur ákvörðun ekki verið tekin um að fella niður punktaineign félagsmanna.

Óafturkræft staðfestingargjald, kr. 3.000, er tekið af öllum bókunum, hvort sem þær eru gerðar á netinu, í síma eða á skrifstofum VR.

Breytingargjald, kr. 2.000, er tekið við allar breytingar sem gerðar eru á bókun eftir að hún hefur verið greidd.

Húsafell

VR á þrjú nýleg orlofshús í Húsafelli í Borgarfirði, auk tveggja eldri en fjallað er um þau á síðunni hér til hliðar. Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið; í viku í senn á sumrin og um helgar og virka daga að vetri til. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

LYKLAR OG UMSJÓN

Lykill er í lykklaskáp við innganginn, kóða þarf til að sækja hann. Lyklinum er skilað á sama stað. Umsjón hefur Ferðapjónustan í Húsafelli, símar 435 1552 og 435 1553

NÁGRENNIÐ

Skammt frá húsi Ferðapjónustunnar er fótboltavöllur og leiktæki eru á tjaldstæðinu. Golfvöllur og minigolf er skammt hjá sundlauginni. Snjósleðaferðir upp á Langjökul eru vinsælar meðal orlofshúsagesta í Húsafelli en Langjökull hf. rekur snjósleðaleigu á sumrin og býður upp á ferðir á jökulinn. Ekki er langt að fara í hellana Víðgelmi og Surtshelli og Hraunfossar og Barnafossar eru sannkölluð augnayndi. Ferðapjónusta er í Húsafelli yfir sumartímann, sími 435 1550. Þar er að fá algengar mat- og hreinlætisvörur, léttar veitingar, bensín og olíu.



HÚSIÐ

Fjöldi	3
Stærð í m ²	60
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

VERÐ

Sumar
Vika kr. 28.500

Vetur
Helgi kr. 15.500
Sólahringur kr. 2.600



VR hefur tvö smærri hús í Húsafelli, í Birkihlíð og Birkilundi.

BIRKIHLIÐ 1 er lítið og notalegt hús. Þar er eitt svefnherbergi með hjónarúmi, koju og svefnloft þar sem einn til tveir geta sofið. Baðherbergi er með sturtu. Í eldhúsi er eldavélakubbur, lítið sjónvarp, dvd spilari og bækur. Lítil heitur pottur er við húsið og kolagrill.

BIRKILUNDUR 18 er stærra en Birkihlíð. Þar eru tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi, hitt með koju. Auk þess er svefnloft með dýnum, ætlað fyrir 7-8 í gistingu. Baðherbergi

er með sturtu. Þvottavél með þurrkara er í húsinu, svo og útvarp, sjónvarp, dvd spilari og bækur. Heitur pottur er á verönd og kolagrill.

LYKLAR OG UMSJÓN

Umsjón er í höndum Ferðapjónustunnar í Húsafelli og lyklar í lyklahúsum við innganginn. Kóða þarf til að sækja lykil. Lyklinum skal skilað á sama stað.

HÚSIN	BIRKIHLIÐ	BIRKILUNDUR
Stærð í m ²	30	43
Heitur pottur	Já	Já
Svefnherbergi	1	2
Svefnloft	Já	Já
Svefnpláss	4	6
Sængur og koddar	4	6
Borðbúnaður	4	8
Uppþvottavél	Nei	Nei

VERÐ

Sumar

Vikan í Birkihlíð kr. 16.000

Vikan í Birkilundi kr. 20.200

Vetur

Helgi í Birkihlíð kr. 7.500

Helgi í Birkilundi kr. 9.700

Sólahringur í Birkihlíð kr. 1.700

Sólahringur í Birkilundi kr. 2.100





Stykkishólmur

VR leigir 2 íbúðir í raðhúsi að Laufásvegi 23 og 25 í Stykkishólmi. Íbúðirnar eru á tveimur hæðum. Þær eru leigðar til félagsmanna allt árið; í viku eða skammtímaleigu á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

LYKLAR OG UMSJÓN

Lykill er í lykklaskáp sem staðsettur er við inngang og kóða þarf til að sækja hann. Lyklinum er skilað á sama stað. Umsjónarmaður er Hermann Bragason, Aðalgötu 12, sími 438 1158 og 894 6450.

NÁGRENNIÐ

Stykkishólmur er á norðanverðu Snæfellsnesi. Þangað eru um 170 km frá Reykjavík eða 2-3 klst. akstur. Ýmislegt er hægt að gera sér til dægurstyttingar í Stykkishólmi, vinsælt er t.d. að ganga út á höfðann á hafnarsvæðinu, einnig er hægt að ganga á fjöru út í Landey. Sundlaug og golfvöllur eru á staðnum. Byggðasafn Snæfellinga er til húsa í elsta húsi bæjarins, Norska húsinu. Þá bjóða Eyjaferðir upp á siglingu um Breiðafjörðinn og ferjan Baldur siglir út í Flatey. Upplýsingamiðstöð ferðamála: sími á sumrin 438 1150 og sími á veturna 438 1750.

HÚSIÐ

Fjöldi	2
Stærð í m ²	60
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	8

VERÐ

Sumar
Vika kr. 28.500
Skammtímaleiga
Helgi kr. 15.500
Sólarhringur kr. 5.800

Vetur
Helgi kr. 15.500
Sólarhringur kr. 2.600





Súðavík

Á Súðavík hefur VR tekið á leigu einbýlishús að Túngötu 16. Húsið er leigt til félagsmanna viku í senn í sumar. Komu- og brottfarartími: Inn kl. 17 og út kl. 12.

LYKLAR OG UMSJÓN

Umsjón er í höndum Sumarbyggðar hf., símar 456 4986 og 861 4986. Lyklarnir eru í húsinu á skiptidegi. Hægt er að fá uppþúin rúm gegn aukagjaldi. Vinsamlegast hafið samband við umsjónarmann, Vilborgu Arnarsdóttur, ef eitt-hvað fer úrskeiðis.

NÁGRENNIÐ

Súðavík er um 200 manna sjávarþorp í Álftafirði við Ísafjarðardjúp, um hálf tíma akstur frá Ísafirði. Náttúruunnendur geta valið úr fjölmörgum gönguleiðum, farið í fjöruferð, fuglaskoðun og rennt fyrir fisk víða í hreppnum. Einnig er hægt að skreppa í sjóstangaveiði og áætlunarferðir eru á Hornstrandir. Upplagt er að heimsækja Raggagarð, fjölskyldugarð Vestfirðinga, sem er í ytri byggð Súðavíkur fyrir ofan gistiheimilið. Þar eru leiktæki fyrir börnin og hægt er að grilla í fallegu og kyrrlátu umhverfi.

HÚSIÐ

Fjöldi	1
Stærð í m ²	145
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	4
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	10

VERÐ

Sumar
Vika kr. 23.500





Varmahlíð

Í Varmahlíð í Skagafirði hefur VR til útleigu 1 orlofshús að Víðilundi 17. Húsið er leigt til félagsmanna viku í senn á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

LYKLAR OG UMSJÓN

Lyklar eru afhentir í afgreiðslunni á Hótel Varmahlíð og skilað á sama stað. Þar er einnig hægt að leigja rúmföt. Vinsamlega hafið samband við hótelið ef eitthvað bjátar á.

NÁGRENNIÐ

Varmahlíð í Skagafirði er um 294 km. frá Reykjavík og er þekktur áfangastaður ferðamanna á norðurleið. Í Skagafirði eru þekktir sögustaðir í allar áttir og innan við hálf tíma akstur til Sauðárkróks. Fjöldmörg söfn eru í Skagafirði svo sem Glaumbæjarsafn, Náttúrugripasafnið í Varmahlíð, Minjasafnið á Sauðárkróki og Vesturfarasetrið á Hofsi. Mjög góð sundlaug er í Varmahlíð og hestaleiga á staðnum. Hægt að fara í rafting í Skagafirði, veiðileyfi fást víða og ekki er langt að sigla út í Drangey. Golfvellir eru á Sauðárkróki og í Lónkoti. Upplýsingamiðstöð ferðamála: Sími 453 8860.



HÚSIÐ

Fjöldi	1
Stærð í m ²	60
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Já
Svefnpláss	8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8
Uppþvottavél	Já

VERÐ

Sumar

Vika kr. 28.500

Vetur

Helgi kr. 15.500

Sólarhringur kr. 2.600

Hrísey

Jónatanshús í Hrísey er tvílyft einbýlishús uppgert í gamaldags stíl og er staðsett inni í miðjum byggðarkjarnanum þaðan er fallett útsýni yfir höfnina og inn Eyjafjörðinn. Komu- og brottfarartími: Inn kl. 17 og út kl. 12 eða í samræmi við siglingar ferjunnar.

LYKLAR OG UMSJÓN

Lyklar að Jónatanshúsi í Hrísey eru afhentir um borð í ferjunni en umsjónarmaður er Siggína á Hæli, sími 466 3072. Ef óskað er eftir kemur hún á dráttarvél og ekur farangri á áfangastað. Vinsamlegast hafið samband við hana ef eitthvað fer úrskeiðis.



NÁGRENNIÐ

Hríseyjarferja fer frá Árskógssandi á klukkutíma fresti frá kl. 9:30 til 23:30 yfir sumar-tímann út í Hrísey, sem er önnur stærsta eyja við Ísland á utanverðum Eyjafirði. Þar búa um 250 manns. Náttúrufegurð og fuglalíf er mikið og merktar gönguleiðir. Hákarlasafn er í eyjunni, hægt er að fara á sjóstöng og leika golf. Á staðnum eru einnig sundlaug, pósthús, banki, veitingahús og verslun. Athugið að alls ekki er nauðsynlegt að hafa bílinn með út í Hrísey og algjörlega bannað er að fara með hunda eða ketti út í eyjuna. Nánar á www.hrisey.is



HÚSIÐ

Fjöldi	1
Stærð í m ²	70
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	4
Svefnloft	Já
Svefnpláss	10
Sængur og koddar	10
Borðbúnaður	10
Uppþvottavél	Já
Hljómflutningstæki	Já
Myndbandstæki	Já

VERÐ

Sumar
Vika kr. 28.500



Akureyri

Orlofsíbúðir VR á Akureyri eru að Furulundi 10, merktar A, B, C, G og K og að Furulundi 8, íbúð B. Allar íbúðirnar eru á annarri hæð og eru leigðar allt árið; í viku eða skammtímaleigu á sumrin en um helgar eða á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartímar: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

LYKLAR OG UMSJÓN

Lyklar að íbúðunum eru afhentir hjá Securitas - Akureyri ehf. að Tryggvabraut 10 og skilað á sama stað. Þar er opið allan sólarhringinn. Umsjón með íbúðunum hefur Securitas, sími

460 6261. Vinsamlega hafið samband þangað ef eitthvað kemur upp á.

AKUREYRI

Á Akureyri er margt að skoða. Má þar nefna hús skáldanna; Nonnahús, Sigurhæðir og Daviðshús. Lystigarðurinn við hliðina á Menntaskólanum er fallegur viðkomustaður á gönguferð um bæinn og í Kjarnaskógi rétt innan við bæinn er stórt útivistarsvæði með leiktækjum og útigirlli fyrir almenning. Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Akureyri er í Hafnarstræti 82, sími 462 7733.



HÚSIÐ	F10	F8
Fjöldi íbúða	5	1
Stærð í m ²	54	54
Heitur pottur	Nei	Nei
Svefnherbergi	2	2
Svefnloft	Nei	Nei
Svefnpláss	7	4
Sængur og koddar	8	4
Borðbúnaður	8	6

Á fyrstu hæð í Furulundi 10 fyrir neðan K-íbúð eru barnarúm, barnastóll, straubretti og straujárn. Þvottaherbergi með þvottavél er á 1. hæð til vinstri þegar komið er inn um aðalinnganginn. Í Furulundi 8 er þvottavél í baðherbergi.

VERÐ

Sumar Furulundi 10
Vika kr. 23.500
Skammtímaleiga
Helgi kr. 12.000
Sólarhringur kr. 4.200

Vetur Furulundi 10
Helgi kr. 12.000
Sólarhringur kr. 2.300

Sumar Furulundi 8
Vika kr. 16.000

Vetur Furulundi 8
Helgi kr. 7.500
Sólarhringur kr. 1.700



Illugastaðir

Á Illugastöðum í Fnjóskadal hefur VR tekið á leigu nýtt orlofshús. Húsið er leigt til félagsmanna frá 15. júní til 24. ágúst. Komu- og brottfarartími: Inn kl. 17 og út kl. 12.

LYKLAR OG UMSJÓN

Lyklar að orlofshúsinu eru afhentir hjá umsjónaraðilum á föstudögum milli kl. 17 og 21, ef komið er á öðrum tíma þarf að láta þá vita. Umsjónaraðilar á svæðinu eru Jón Óskars-son og Hlíf Guðmundsdóttir í síma 898 6199. Hægt er að leigja rúmföt gegn vægu gjaldi hjá þeim.

NÁGRENNIÐ

Illugastaðir eru um 50 km austan við Akureyri. Þar er orlofsbyggð verkalýðsfélaganna með yfir 30 hús. Illugastaðir eru fornt höfuðból og kirkjustaður. Timburkirkjan sem nú stendur var reist 1860-61 en predikunarstóllinn er frá 1683. Á svæðinu er verslun sem starfrækt er á sumrin og sundlaug með heitum pottum og gufubaði. Þar er einnig minigolf fyrir börnin. Hægt er að veiða efst í Fnjóská og eru veiðileyfi seld á staðnum. Um 40 mínútna akstur er til Húsavíkur, en þar er t.d. hægt að skoða náttúrugripasafnið og fara í hvalaskoðun.

HÚSIÐ

Fjöldi	1
Stærð í m ²	48
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

VERÐ

Sumar
Vika kr. 28.500





Einarsstaðir

VR hefur til umræða 4 hús að Einarsstöðum, 2 í eigu VR og 2 í eigu annarra. Húsin eru leigð til félagsmanna í viku eða skammtímaleigu á sumrin. Rekstarfélagið á staðnum sér um húsin á veturna og er þá er pantað hjá þeim. Komu- og brottfarartími: Inn kl. 17 og út kl. 12.

LYKLAR OG UMSJÓN

Lyklar eru afhentir hjá Guðna Hermannssyni umsjónarmanni sem staðsettur er í húsi 32 á orlofshúsasvæðinu, símar eru 471 1734 og gsm 861 8310. Vinsamlegast hafið samband þangað ef þörf er á aðstoð eða upplýsingum.

NÁGRENNIÐ

Einarsstaðir eru 11 km frá Egilsstöðum. Rólur, sandkassi og rennibrautir eru staðsettar á þremur stöðum á svæðinu. Á Einarsstöðum er mikil náttúrufegurð og merktar gönguleiðir eru um svæðið. Sundlaugar eru á Hallormsstað og á Egilsstöðum þar sem eru veitingahús, hestaleiga, golfvöllur og vatnasleðaleiga. Stutt er í Hallormsstaðaskóg og að Lagarfljóti og Kárahnjúkar eru svo í næsta nágrenni. Upplýsingamiðstöð Austurlands er á Kaupvangi 10 á Egilsstöðum, sími 471 2320.

HÚSIÐ

Fjöldi	5
Stærð í m ²	45
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

VERÐ

Sumar
Vika kr. 23.500
Skammtímaleiga
Helgi kr. 12.000
Sólarhringur 4.200





Vestmannaeyjar

VR hefur til umráða eina íbúð í Vestmannaeyjum, á efri hæð í tvíbýlishúsi við Miðstræti nr. 11. Íbúðin er leigð til félagsmanna í viku í senn í sumar. Komu- og brottfarartími: Inn kl. 17 og út kl. 12.

LYKLAR OG UMSJÓN

Lyklar eru afhentir á skrifstofu Drífanda sem er í sama húsi, sími 481 2356. Skrifstofan er opin virka dag frá kl. 9-16. Ef komið er með seinni Herjólfí eða eftir lokun skrifstofu þarf hringja í skrifstofu á opnunartíma varðandi afhendingu lykla. Ef eitthvað er að hafið samband við skrifstofuna.

NÁGRENNIÐ

Daglegar ferðir eru milli lands og Eyja með Herjólfí, sími 481 2800. Vestmannaeyjar hafa upp á margt að bjóða; einstaka náttúrufegurð, skemmtileg söfn, hægt er að skreppa á hestbak, fara í Sprönguna og í Herjólfsdal er góður golfvöllur og leiktæki fyrir börn. Góð sundlaug og íþróttamiðstöð eru á staðnum. Þjóðhátíð er að venju fyrstu helgina í ágúst og pysjuævintýri hefst um miðjan ágúst. Þá fara ungir sem aldnir á stjá um götur bæjarins með vasaljós að bjarga pysjunum til sjávar. Upplýsingamiðstöð er við Bäsaskersbryggju, sími 481 3555.

HÚSIÐ

Fjöldi íbúða	1
Stærð í m ²	96
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	12

VERÐ

Sumar
Vika kr. 23.500





Ölfusborgir

Ölfusborgir eru í jaðri Hveragerðis og á VR þar eitt hús sem nýlega er búið að endurnýja að innan. Það er leigt allt árið, í viku á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Á veturna er húsið leigt út af rekstrarfélaginu á staðnum og þá er pantað hjá þeim. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn föstudaga á milli kl. 15-20:30.

LYKLAR OG UMSJÓN

Lyklar eru afhentir hjá umsjónarmanni sem er í þjónustuhúsi á svæðinu, sími 483 4260. Lykli er skilað á sama stað. Ef eitthvað bjátar á vinsamlegast hafið samband við umsjónarmann. Opnunartími: mánudaga til fimmtudaga kl.

12:30-16, lokað á miðvikudögum. Á föstudögum er opið milli kl. 15 og 22:30.

NÁGRENNIÐ

Frá Hveragerði er fljótferð til margra af merkustu ferðamannastaða Suðurlands, má þar nefna Gullfoss, Geysi, Skálholt og Þingvelli. Umhverfis Hveragerði er ósnortin náttúra, góðar gönguleiðir og sannkölluð paradís fyrir útivistarfólk. Við Ölfusborgir er sparkvöllur, rólur og rennibrautir fyrir börn. Í Hveragerði er sundlaug með vatnsrennibraut, blómaverslanir og gróðurhús. Stutt er í hestaleigu og veiði. Upplýsingamiðstöð Suðurlands: Símar 483 4601 og 898 4601.



HÚSIÐ

Fjöldi	1
Stærð í m ²	35
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

VERÐ

Sumar
Vika kr. 28.500



Miðhúsaskógur

Í Miðhúsaskógi í Biskupstungum á félagið alls 20 hús sem leigð eru til félagsmanna allt árið; í viku eða skammtímaleigu á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

LYKLAR OG UMSJÓN

Lyklar eru í lykklaskáp sem staðsettur er við innganginn í hvert hús, kóða þarf til að sækja hann. Lykli er skilað á sama stað. Umsjónarmaður er á svæðinu á sumrin en á veturna hefur Kristín Johansen á Efri-Reykjum umsjón

með húsunum, sími er 820 1791. Ef eitthvað bjátar á vinsamlega hafið samband við umsjónarmann.

NÁGRENNIÐ

Miðhúsaskógur er í kjarri vöxnu umhverfi um 20 km. frá Laugarvatni. Sandkassi er við hvert hús og fjórir leikvöllir með rólum, rennibraut og vegasalti. Sparkvöllur er á svæðinu, minigolf og körfuboltavellir við botnlanga 2 og 4. Sundlaugar í nágrenninu eru við Úthlíð, á Reykjum og Laugarvatni. Í Miðhúsaskógi eru margar fallegar gönguleiðir. Hægt er að fá göngukort hjá umsjónarmanni.



HÚSIÐ

Fjöldi	20
Stærð í m ²	56
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

VERÐ

Sumar
Vika kr. 28.500
Skammtímaleiga
Helgi kr. 15.500
Sólarhringur kr. 5.800

Vetur
Helgi kr. 15.500
Sólarhringur kr. 2.600



FERÐALÖG

Allt undir sólinni (eða þannig...)

Kristinn R. Ólafsson skrifar um menningu og mannlíf á Spáni

Það eru nánast kafkísk hamskipti að breytast úr réttum og sléttum borgara í túrhest. Maður þarf ekki annað en að bregða undir sig betri fætinum og fara eitthvert í frí til þess. Og rankar við sér á öðrum stað, í öðrum ham, orðinn að þessari undarlegu skepnu sem nú flæðir um allar jarðir svo að hundruðum milljóna skiptir. Og margur, kominn sunnar á hnöttinn, kannski af ystu skerjum úthafsins, laus úr holtapokum, hráslaga og kulda, vaknar ekki bara túrhestur heldur fylltur þeirri ómótstæðilegu þörf að fækka fötum, nekja nábleika krika, bera búk og gerast stuttbuxnaskjóni; í sjálfu sér skiljanlegt athæfi þegar fólk losnar undan oki þungbúins himins, leysist úr klakaböndum í sól og sumaryl.

Slíkir stuttbuxnaskjónar sjást einmitt í stórum stíl, stórum stóðum, með ströndum fram hér

á Spáni og eru í essinu sínu, eða réttarasagt ess-unum sínum, þessum s-um sem eru í sól, sandi, sjó, sangríu...

58 milljónir ferðamanna, langflestir sólóðir og strandlægir stuttbuxnaskjónar...

842 milljónir jarðarbúa gerðust ferðamenn árið sem leið, segir Alþjóðaferðamálastofnunin. Og af þeim komu 58 milljónir til Spánar, 4,5 prósentum fleiri en í hittifyrri – heil innrás túrhesta í þetta næst fjólsóttasta land í heimi. Og langflestir voru sólóðir og strandlægir stuttbuxnaskjónar. Þetta sannast á því að um 90% erlendra gesta á Spáni gista á hótelum í bæjum og borgum á eða nálægt Miðjarðarhafsströndum landsins eða á Kanaríeyjum. Innhéruð og Atlantshafsstrendur eru því ókannað land.

Spánverjar hafa enda gert út á essin sín síðan allur almenningur í Vestur-Evrópu lagðist í sólarlandaferðir. Og þeir hafa kunnað að selja þau allt frá því að ferðamannaundrið hófst hér syðra á sjöunda áratug aldarinnar sem leið; notfært sér staðalímynd landsins, tugguna sem varð til á rómantikurtímum 19. aldar um flamenkóið, gítargutlið og nautaatið, *la siesta, la fiesta...* ¡Olé! Og fundu upp slagorðin *España es diferente/Spain is different*: Spánn er öðruvísi... og seldu grimmt á þeim forsendum: seldu ímynd sem enn lifir útum víða veröld og er snúnara að kveða niður en mögnuðustu afturgöngur í svartasta skammdeginu.

Spánn svo margt annað og meira en fjöruborðið...

En Spánn er svo margt annað og meira en fjöruborðið, allt frá hinum græna, fjöllótta,

fallega og oft regnvota Norður- og Norðvestur-Spáni til eyðimerkur Almería, allt frá Pýreneafjöllum til Gíbraltarsunds eða Cádiz: margtyngt land, svo miklu fjölbreyttara og margslungnara en staðalmyndin gefur í skyn. Og Spánverjar hafa auðvitað fyrir löngu gert sér grein fyrir því að strandútgerðin ein getur ekki verið framtíðargrunnur ferðapjónustunnar, þessa mikilvægasta atvinnuvegar þeirra sem skapar ein 1600 þúsund bein störf og um 11% þjóðartekna.

Uppgangstímar eru á Spáni nú, landið einn byggingakranaskógur og byggingageirinn ein helsta driffjöður efnahagslífsins. Óðauppbygging súa sem orðið hefur víða við Miðjarðarhaf stefnir bæði strandferðamennsku og umhverfi í hættu með símeira þéttbýli og mannþröng. Harðir keppinautar í sólaröslunni hafa spröttið upp í öðrum löndum. Greinin er líka of árstíðabundin, takmarkast í reynd við sumarmánuðina. Því þarf að „afsumra“ hana, laða ferðamenn að allan ársins hring. Og hvað gerist ef spár um loftslagsbreytingu rætast og það verður síheitará hér á Spáni, sípurrara, ef hækandi sjór gleypir baðstrendur?

Á níunda áratugnum fundu menn upp annað slagorð til að selja landið: *Todo bajo el sol*: Allt undir sólinni..., einmitt til að leggja áherslu á þá fjölbreytni sem það geymir og minna í leiðinni á sólina. Og það hefur borið árangur: ferðamönnum í menningarlegum hugleiðingum, hvort sem það er til að njóta landslags, lista og sögu eða matar-, vins og skemmtunar hefur fjölgað. Borg einsog Barselóna komst í reynd á kortið með Ólympíuleikunum 1992 og Madrid hefur siglt á eftir með auknu aðstreymi ferðamanna, fyrir utan alla þá ráðstefnugesti sem koma til þessara og annarra borga og bæja árlega.

Mannvist og menning meðal þess aelsta í Evrópu. Flestar hinna fornu menningarþjóða Miðjarðarhafsins lögðu leið sína til Hispaníu

Spánn snýr ströndum í senn að Atlantshafi og Miðjarðarhafi. Og sálinni líka. Afríka, vagga mannkyns, er ekki heldur langt undan: steinsnar yfir Gíbraltarsund. *L'Afrique commence aux Pyrénées*: Afríka byrjar við Pýreneafjöll, sagði Victor Hugo með frönskum

rembingi á 19. öld. Spánverjar höfðu þá í reynd snúið höminni í Evrópu um langt skeið. Og Spánn ber alls þessa merki: Mannvist og menning er meðal þess aelsta í Evrópu.

Flestar hinna fornu menningarþjóða Miðjarðarhafsins lögðu leið sína hingað til Hispaníu: Föníkar létu sjá sig fyrir rúmum 3000 árum, komnir allar götur frá botnum Miðjarðarhafs, Grikkir birtust um 600 f. Krist, Rómverjar stigu á land á þriðju öld f. Krist til að berja á Karþagómönnum og lögðu mestan hluta Pýreneaskaga undir sig þegar stundir liðu. Fjölmargar aðrir hafa komið við sögu: Keltar, Vandalar, Alanar, Frankar, Vestgotar, Márar, Gyðingar... svo að nokkir séu nefndir. Og nú hefur ný innrás orðið. Spánn hefur breyst á örfáum árum í eitt fjölsóttasta innflytjendaland í Evrópu. Og hann er líka elliheimili álfunnar: margt eldra fólk frá ýmsum löndum hefur sest í helgan stein í sólinni eða dvelst hér langdvölum. Nú eru útlendingar sagðir 9,3 prósent íbúa en það er áreiðanlega vantalið.

Strandstriplandi stuttbuxnaskjónar gyrði sig í (síð)brók...

Það er ekki annað hægt en að falla fram í hrifningu gagnvart þeim verkum sem lifað hafa af aldirnar og bera list og lífi skapendanna vitni: frammifyrir grísku rústunum í Ampurias á La Costa Brava, leikhúsi og leikvangi Rómverja í Mérida eða bara daglegum munum þeirra, ljóskerum, skurðlækningatólum, hárnálum, glösum... í Rómverjasafninu þar í borg; frammifyrir *aqueductum*, bunustokknum, sem þeir byggðu úr steini í Segovia fyrir rúmum 2000 árum; frammifyrir miðaldamúrum Avila-borgar; ekki annað hægt en að ganga sig afturí aldir í öngstrætunum í Toledo eða Cáceres; fara með aðdáun og innlifun um austurlenska sali og garða Alhambra-hallarinnar márísku í Granada, um súlnaskóg stórmoskunnar í Kordóvu og svo mætti lengi telja. Það er ekki að öfyrirsynju að Spánn, með 39 staði á heimsminjaskrá UNESCO, kemur þar næst Ítalíu sjálfri og efstri með 41. Það er því vel þess virði fyrir strandstriplandi stuttbuxnaskjóna að gyrða sig nú í (síð)brók, líta uppúr fjörunni og fara í könnunarleiðangur um Spán. Hér ER (auk þess) allt undir sólinni.

„Slíkir stuttbuxnaskjónar sjást einmitt í stórum stíl, stórum stóðum, með ströndum fram hér á Spáni og eru í essinu sínu, eða réttarasagt ess-unum sínum, þessum s-um sem eru í sól, sandi, sjó, sangríu...“



MATUR

Sótt í smiðju meistarans

Carl Jónas Johansen matreiðslumeistari lumar á gómsætum grilluppskriftum og góðum ráðum

Grillaður lax

600 g. lax, bein- og roðhreinsaður
2 dl. hvítvín eða mysa
150 gr. smjör
100 gr. rauð paprika, söxuð
3 skarlottlaukar, saxaðir
1 hvítlaukur, saxaður
1 msk. engifer, rifinn
Söxuð steinselja



Skerið laxinn í jafna bita, smyrjið álpappír með ólífúolíu og leggið bitana á pappírinn. Athugið að hafa nægan álpappír til að geta útbúið umslag, lokað að ofan með öllu hráefninu í. Það skiptir ekki máli hvor hliðin af álpappírnum snýr inn. Setjið paprikuna, laukana, engiferinn og steinseljuna yfir laxinn

og kryddið með grófu salti og pipar. Setjið smjórið ofan á fiskinn og hellið hvítvíninu eða mysunni að síðustu yfir. Lokið álpappírnum og setjið umslagið á grillið. Grilltími fer eftir þykkt bitanna, 10 – 15 mínútur. Þá er gott að taka fiskinn af grillinu og láta hann standa í 2-3 mínútur áður en hans er neytt.

Ferskt salat er tilvalið með laxinum og smjörsteiktar kartöflur gera þennan rétt svo ómótstæðilegan.

Smjörsteiktar kartöflur

Notið litlar parísarkartöflur, flysjið þær og sjóðið. Veltið þeim uppúr smjör eftir suðu og stráðið Maldon salti og saxaðri steinselju yfir undir lokin.

Grillaðar perur með ís og rjóma

4 – 6 perur eða pera á mann
2 msk. púðursykur
3 msk. sítrónusafi
2 msk. hunang
1 tsk. kanil
2 msk. Grand Marnier líkjör eða appelsínusafi
70 gr. suðusúkkulaði, spænilir

Blandið saman sykrinum, hunanginu, kanilnum, sítrónusafanum og líkjörnum eða appelsínusafanum. Afhýðið perurnar og skerið í tvennt, langsum. Hreinsið kjarnann úr og látið perurnar liggja í leginum í 15-20 mínútur. Grillið í 4-8 mínútur, eftir því hve perurnar eru þroskaðar en í þennan rétt er betra að séu ekki mjög óþroskaðar. Passið að hafa grillið ekki mjög heitt, perurnar eiga að vera fallega brúnaðar en ekki dökkar. Gott er að pensla perurnar á meðan þær eru á grillinu. Setjið perurnar í skál, stráðið súkkulaðinu yfir og berið fram með vanillúis og rjóma.





Draumur sveitamannsins

Lambalæri í kryddlegi er gott að grilla á gasgrilli þar sem lærið þarf að vera meira en klukkustund á grillinu. Eitt gott læri dugur fyrir 6-8 manns. Gott er að fjarlægja mjaðmarbeinið fyrir eldun og skera um 1 cm djúpa skurði, eða næstum niður í bein, með 1 cm millibili þvert á lærið.

Kryddlögur

1 msk. oregano
 1 msk. rósmarín
 2. msk. timian, ferskt eða þurrkað
 2 dl. ólífuolíu
 2 heilir hvítlaukar, saxaðir
 ½ dl. lime- eða sítrónusafi
 Gróft salt og svartur pipar

Blandið öllu kryddinu saman við olíuna og safann. Setjið lærið á fat og hellið kryddblöndunni yfir. Látið lærið standa í kryddleginum í 2 klukkustundir en snúið því nokkrum sinnum á meðan. Brúnið á grillinu í 10 mínútur á hvorri hlið, færið síðan ofar á grillið og grillið í ca. 1 klst. Penslið með kryddleginum nokkrum sinnum á meðan.

Gott meðlæti með þessum rétti er bakaðar kartöflur, innbakaður rauðlaukur (í álpappír með smjöri, hunangi og salti og bakaður á grillinu í 10 mínútur), góð sósa og salat úr fersku grænmeti.

Ljúffeng sósa með öllum grillmat

2 dl. AB mjólk, hrein
 1 dós sýrður rjómi
 3 msk. majones
 3 stk. hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
 Svartur pipar
 Skvetta af sítrónusafa
 Fínsaxaður graslaukur eða steinselja

Hreinlætið skiptir máli

Það er lykilatriði að grillið sé hreint, matur verður aldrei góður nema grillið sé hreint. Grillgrindina má þvo með heitu vatni og sápu eða hita hana og burstu með grillbursta. Þurrkið grindina á eftir og penslið með olíu.

Undirbúningur gerir grillið skemmtilegra

Munið að hafa öll áhöld við hendina þegar grillið hefst, stór þáttur í skemmtilegri grillveislu er að hafa næði til að nostra við matinn og spjalla við matargestina.

Allt grænmeti er gott grillað

Nánast allt grænmeti er gott grillað, sveppir, eggaldin, paprika, laukar, tómatar. Gott er að velta grænmeti uppúr olíu, s.s. lauk eða kartöflum skornum í skifur, og grilla. Hafid grænmetið ekki of nálægt hitanum.

Gott hráefni gerir góðan mat

Hráefni verður að vera ferskt, það er ekki hægt að búa til góðan mat úr lélegu hráefni.

Hvernig er best að grilla fisk?

Þegar grilla á fisk er gott að nota þar til gerða grind og pensla hana með olíu. En einnig er einnig hægt að setja fiskinn beint á grillgrindina, ef hún er hrein og pensluð með olíu.



Minni-Borg

VR hefur tekið á leigu 2 glæsileg orlofshús í Grímsnesi í um 70 km fjarlægð frá Reykjavík. Húsin standa í orlofshúsaklasa í landi Minni Borgar á hægri hönd þegar ekið er í átt að Laugarvatni frá Reykjavík. Húsin eru leigð allt árið; í skammtímaleigu á sumrin og um helgar og virka daga að vetri til. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

LYKLAR OG UMSJÓN

Lyklar að orlofshúsinu eru í lyklaskáp sem staðsettur er við innganginn. Umsjónarmaður á svæðinu er Úrsúla Filmer, sími 863 3592. Við

hana má hafa samband ef fólk vill fá uppþúin rúm eða ef eitthvað bjátar á.

UM HÚSIN

Hvort hús er búið glæsilegum húsgögnum. Samtals eru 4 tvíbreið rúm í hvoru húsi og ein kaja sem gerir það mjög hentugt fyrir tvær fjölskyldur. Ekki ætlast til að fleiri gisti í húsinu en 9 manns. Auk alls venjulegs búnaðar er í húsinu uppþvottavél, gasgrill, tvö stór sjónvörp, DVD spilari og útvarp með CD spilara. Háhraða internettengingur er hægt að fá gegn vægu gjaldi. Hægt er að komast í þvottavél og þurrkara í þjónustuhúsi. Skammt frá Minni Borg er nýlenduvörverslun og bensínsala.



HÚSIÐ

Fjöldi	2
Stærð í m ²	80
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Já
Svefnpláss	9
Sængur og koddar	9
Borðbúnaður	12

VERÐ

Súmar
Skammtímaleiga
Helgi kr. 21.400
Sólarhringur kr. 8.500

Vetur

Helgi kr. 21.400
Sólarhringur kr. 4.500



Hraunborgir

VR á eitt orlofshús, Hnetulund, að Lundeyjar-sundi 6, Hraunborgum í Grímsnesi. Húsið er leigt til félagsmanna allt árið; viku í senn á sumrin og um helgar og virka daga að vetri til. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

LYKILL

Lykill er í lykklaskáp við innganginn, kóða þarf til að sækja hann. Lyklinum er skilað á sama stað. Umsjónarmaður er staðsettur í Miðhúsaskógi á sumrin, sími: 820 1791.

NÁGRENNIÐ

Að Hraunborgum er sundlaug sem opin er alla daga nema föstudaga frá kl. 10-20 en föstudaga frá kl. 10-12 og kl. 17-21. Þar eru heitir pottar og vatnsgufubað. Rólur, sandkassi og vegasalt eru í nágrenni við húsið. Auk þess er minigolf á svæðinu, 9 holu golfvöllur og hjólaleiga. Hjólhýsa- og tjaldstæði eru í Hraunborgum. Ferðamannaverzlun er á staðnum og verslun að Minni-Borg. Margir áhugaverðir staðir eru í nágrenninu og stutt er í Kerið, Selfoss, Sólheima og Laugarvatn þar sem sækja má margskonar dægrastyttingu.

HÚSIÐ

Fjöldi	1
Stærð í m ²	50
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

VERÐ

Sumar

Vika kr. 20.200

Vetur

Helgi kr. 9.700

Sólarhringur kr. 2.100





Flúðir

Orlofshús VR að Flúðum eru í Ásabyggð, hús nr. 29, 30 og 30A. Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið; viku í senn á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

LYKLAR OG UMSJÓN

Lyklar eru í lykaskáp sem staðsettur er við innganginn í hvert hús, kóða þarf til að sækja hann. Lykli er skilað á sama stað. Umsjónarmenn eru Þóra Bragadóttir og Þórarinn Úlfarsson, símar 486 6525 og 893 5456.

NÁGRENNIÐ

Flúðir er þéttbýliskjarni í Hrunamannahreppi á Suðurlandi. Þar er í boði öll hugsanleg þjónusta eins og verslanir, veitingasala, golfvöllur og sundlaug með heitum potti og náttúrulegu gufubaði. Á flöt fyrir neðan hús VR eru leiktæki og sparkvöllur fyrir börn. Stutt er að Gullfossi og Geysi. Gönguleiðir eru margar í nágrenni Flúða, til dæmis á Miðfell og Högnastaðaás. Upplýsingar um nágrennið er að fá í ferðaþjónustunni sem er til húsa í versluninni Strax, sími 486 6633. Þar er verslun, kaffitería og bensinsjálfsali.

HÚSIÐ

Fjöldi	3
Stærð í m ²	54
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

VERÐ

Sumar

Vika kr. 28.500

Vetur

Helgi kr. 15.500

Sólarhringur kr. 2.600





Í ferðalagið með tjaldvagn

Mörgum hentar betur að vera á faraldsfæti en að sitja kyrr í orlofshúsi í heila viku. Þá er hægt að bóka sér tjaldvagn á sama hátt og orlofshús en 25 vagnar verða til ráðstöfunar í sumar. Hægt er að bóka tjaldvagna í 6 daga í senn, frá miðvikudegi til þriðjudags.

Tjaldvagnarnir eru afhentir að **Smíðjuvegi 8 í Kópavogi** og skilað á sama stað milli kl. 10 og 16.

Vagnarnir eru af gerðinni Combi Camp, ætlaðir fyrir fjóra. Þeir eru leigðir út með fylgihlutum, þ.e. yfirbreiðslu, varadekki, dýnum, felliborði, fjórum stólum, gaseldunartæki fyrir 2 potta, hitaofni og gaskút. **Athugið að félagsmenn þurfa sjálfir að fylla á kútana.**

Gott er að hafa með sér auk matar og hlífðarfatnaðar; spil, borðtusku og viskastykki, næg teppi, lítinn kúst, vasaljós, alla potta og pönnur og borðbúnað.

Reglur um tjaldvagna VR

1. Vagnarnir eru leigðir á nafn og bílnúmer og því ekki leyfilegt að lána þá öðrum.
2. Leiðbeiningar um notkun eru í vagninum sem leigutaka er skylt að fara eftir.
3. Bíllinn sem draga á vagninn þarf að hafa viðurkenndan tengibúnað fyrir tjaldvagna.
4. Leigutaki ber ábyrgð á vagninum meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig til að bæta tjón sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem á hans vegum eru.
5. Óheimilt er að aka með vagninn um óbrúaðar ár, vegatroðninga, götuslóðir, snjóskafla, ís eða læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur.

VERÐ
Sumar kr. 17.400

Hvar eru orlofshús VR?



Fjarlægðir frá Reykjavík

Akureyri	390 km	Miðhúsaskógur	110 km
Einarsstaðir	715 km	Minni-Borg	65 km
Flúðir	103 km	Stykkishólmur	170 km
Hraunborgir	65 km	Súðavík	441 km
Hrísey	415 km	Varmahlíð	294 km
Húsafell	130 km	Vestmannaeyjar	52 km
Illugastaðir	450 km	Ölfusborgir	38 km

UMRÆÐAN

Vertu í fríi þegar þú ert í fríi

Hallur Guðjónsson sálfræðingur skrifar um mikilvægi sumarfrís

Nú er sá tími árs þar sem margir fara að huga að sumarleyfinu. Fyrir vinnandi fólk er mjög mikilvægt að taka reglubundið frí frá störfum. Það má segja að það að vinna allt árið án þess að taka frí sé eins og að aka bíl án þess að skipta um olíu, það er hægt að halda áfram en það endar með því að eitthvað gefur sig.

Margt ber að hafa í huga þegar skipuleggja á sumarfríð. Best er að fjölskyldan skipuleggi sumarfríð saman, ef því verður við komið, en auðvitað eru það foreldranir sem setja rammann. Það þarf að taka tillit til fjárhags s.s. hvað má fríð kosta í heild. Það þarf að skoða hvenær hentar best að fara í sumarfrí að teknu tilliti til vinnu, skóla og íþróttaiðkana barnanna og hvað það má vera langt. Almennt er miðað við að samfelld sumarfrí sé ekki styttra en þrjár til fjórar vikur. Einnig þarf að hafa í huga hvaða óskir fjölskyldumeðlimirnir hafa og hverjar þeirra er mögulegt að uppfylla. Það er ekki hægt að gera allt í einu og sumt verður að bíða betri tíma.

Sumir kvarta yfir því að þeir séu svo þreyttir eftir sumarfríð að þeir þurfi helst á öðru frí að halda til þess að jafna sig. Í þeim tilfellum er vandinn sá að gera á allt það í sumarfríinu sem frestað hefur verið vegna vinnuálags; mála íbúðina, taka til í garðinum, taka húsið í gegn, fara í útilegur, fara hringinn, ganga Laugarveginn og á Esjuna, fara í veiði, gólf, sund, húsdýragarðinn, í heimsóknir, og svo smáferð til útlanda. Sumarfríð á ekki að vera streituvaldandi heldur ánægjulegt og afslappandi fyrir alla. Það getur verið afslappandi að reyna á líkamann en of stíft og skipulagt frí, þar sem fólk getur ekki um frjálst höfuð strokið, er almennt ekki til ánægju fyrir neinn.

Því miður eru sumir, sem stöðu sinnar vegna, eiga mjög erfitt með að komast frá og skilja




vinnuna eftir heima. Það er hins vegar jafn-mikilvægt fyrir þá að taka frí frá störfum eins og aðra. Fyrir þessa aðila getur verið gott að komast burt í nokkra daga í senn og ef þeir þurfa að vera í sambandi við vinnustaðinn er best að það sé alltaf á sama tíma dags og bara í fyrirfram ákveðinn tíma t.d. frá kl. 8 til kl. 10 á morgnana. Á öðrum tímum er það frí, og það án farsíma.

Áður en farið er í frí er mikilvægt að undirbúa vel þann sem leysir af í vinnunni. Skrifa niður á blað aðstæður sem geta komið upp og skýringar á því hvernig best sé að leysa þær, segja frá sérstökum samningum og vinnureglum og setja niður allar mikilvægar dagsetningar. Með því að undirbúa vel þann sem leysir af þarf ekki að hafa áhyggjur hvernig gengur meðan á fríinu stendur. Auðvitað er mikilvægt að skilja eftir hjá yfirmanni

símanúmer þar sem hægt er að ná í þig í neyð, en hafir þú farsíma frá vinnustaðnum á hann að verða eftir í vinnunni. Og sumarfrí á að vera frí frá störfum og því á ekki að taka með sér fartölvu til þess að skoða vinnupóst.

Gott frí hjálpar okkur að hlaða batteríin, verða við sjálf á ný og í okkar besta ástandi, gerir okkur kleift að koma til baka á ný endurnærð og full af orku. Frí hjálpar að koma í veg fyrir kulnun í starfi (burnout), því okkur gefst tækifæri á að slappa af og gera eitthvað allt annað og þannig ná upp fyrri orku og starfs-ánægju. Að taka reglulega frí hjálpar til við að halda streitu í lágmarki, lífsgæðin aukast þegar við eyðum meiri tíma með okkar nánustu og sambandið við makann styrkist. Ekki má gleyma að það veitir okkur einnig tíma til að vera bara með okkur sjálfum.



Listi yfir það sem oft gleymist

- | | |
|---------------------|--------------|
| Kaffilter nr. 4 | Náttföt |
| Viskastykki | Myndavél |
| Borðtuskur | Hleðslutækið |
| Eldhúsrúllur | Vasaljós |
| Plastfilma | Leikföng |
| Þvottaklemmur | Spil |
| Krydd | Lesefni |
| Olía til steikingar | Góða skapið |
| Sósulitur | |
| Sykur | |
| Kerti | |
| Eldspýtur | |
| Álpappír | |
| Kol | |
| Grillolía | |
| Handsápa | |
| Sjampó | |
| Tannburstinn | |
| Hlíðarföt | |
| Góðir skór | |
| Lítill bakpoki | |
| Hitabrusi | |
| Inniskór | |
| Sundföt | |
| Handklæði | |
| Rúmföt | |



Virðum umhverfið

Göngum vel um og notum vatnið af skynsemi

Nú á tímum vaxandi umhverfsvitundar þarf vart að nefna við orlofshúsa-gesti mikilvægi þess að ganga vel um umhverfi húsa. Orlofshús VR eru flest úti í náttúrunni, í fallegu umhverfi sem gerir þá kröfu til okkar að við sýnum því virðingu. Ekki er heimilt að kveikja eld í umhverfi orlofshúsanna. Ruslagámar eru víðast hvar aðgengilegir og ætti því fjúkandi rusl að heyra sögunni til. Og svo er ekki úr vegi að minnst aðeins á vatnið, verðmætustu náttúruauðlind jarðarinnar sem við Íslendingar erum svo lánsamir að eiga greiðan aðgang að. Vinsamlega notið vatnið vel og látið það t.d. ekki renna í heita pottinn allan sólarhringinn. *Góða ferð og njótið vel!*



Lyklaskápar

Til hagræðingar fyrir félagsmenn

Til að auka þægindi orlofshúsgesta hafa verið settir lyklaskápar við flest húsa. Skápar sem til leigu eru fyrir félagsmenn VR í sumar. Orlofshúsagestir þurfa því ekki sækja lykllana til umsjónarmanns þar sem lyklaskáparnir eru til staðar. Sjá nánar í umfjöllun um hvern stað fyrir sig. Inni í lyklaskápunum er annar lítill skápur með fjögurra númera stafalás og er rétta númerið prentað á samninginn sem afhentur var við greiðslu orlofshússins. Mjög

einfalt er að opna lásinn. Tölurnar eru settar á lásinn, ýtt á hann, togað og þá opnast lásinn auðveldlega og lykillinn að húsinu blasir við. Gott getur verið að hafa með sér vasaljós ef komið er á staðinn eftir að skyggja tekur. Inni í húsunum er glær plastvasi með blöðum fyrir dvalargesti að fylla út, ef þeir hafa einhverjar athugasemdir um dvöl sína í húsinu. Við brottför skal setja blaðið í umslagið og lykilinn í skápinn.



Umgengnisreglur í orlofshúsum

Húsið er leigt með húsgögnum, eldhúsbúnaði og öðrum lausamunum.

Leigjandi ber ábyrgð á öllum búnaði hússins meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig til þess að bæta tjón sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem dveljast á hans vegum í húsinu á leigutíma.

Leigjandi skal ganga vel um hús og umhverfi, ræsta húsið við brottför og sjá um að hver hlutur sé á sínum stað.

Leigjandi skal koma til dvalar í húsinu á skiptidegi (nánar í athugasemdum) á leigusamningi.

Leigjandi þarf að hafa með sér handklæði, sápu, viskastykki, sængurver, lök og koddaver.

Dvalargestir eru beðnir um að forðast hávaða með bílaumferð á orlofshúsasvæðinu.

Leigjandi skal ganga vel um staðinn og gæta þess að spilla ekki gróðri eða landi á nokkurn hátt.

Ekki er leyfilegt að hafa gæludýr í húsunum.

Lesið vel leiðbeiningar sem festar eru upp í húsunum og skylt er að fara eftir.

Búnaður húsanna

Í flestum þeim húsum sem VR hefur til afnota fyrir félagsmenn sína er búnaðurinn miðaður við 8 manns. Þó eru undantekningar á því þar sem húsin eru stærri eða mun minni. Þá má geta þess að í þeim húsum sem ekki eru í eigu VR er búnaðurinn ekki alveg sá sami.

Ganga má út frá eftirfarandi búnaði í húsunum:

Í öllum VR húsum eru sængur og koddar, útvarp og sjónvarpstæki, barnarúm, barnastóll og koppur. Venjuleg eldavél með ofni er í öllum húsum. Þó eru tvær eldavélarhellur í litla húsinu í Húsafelli. Örbylgjuofn er allsstaðar. Í flestum húsum eru kolagrill en þó eru gasgrill í Varmahlíð, raðhúsunum í Stykkishólmi og að Minni-Borg. Verandarhúsgögn eru víðast hvar og reynt að hafa umhverfið sem notalegast fyrir gestina.

Borðbúnaður er yfirleitt fyrir átta manns eða fleiri auk venjulegra áhalda til eldunar sem nauðsynleg eru í hverju eldhúsi. WC pappír, uppþvottalögur og einnota borðtuskur eru í húsunum og áhöld til þrifa. Vinsamlegast athugið að einungis má nota þau hreinsiefni sem eru til staðar þar sem sterkari efni henta ekki í rotþrær. Öryggisins vegna eru í hverju húsi eldvarnarteppi, slökkvitæki, reykskynjari og sjúkrakassi.



Gæludýr ekki leyfð í orlofshúsum

Athugið að gæludýr eru ekki leyfð í orlofshúsum né tjaldvögnum félagsins. Ekki hafa allir hlýtt þessari reglu og hafa komið upp mjög alvarleg ofnæmistilfelli. Taka ber tillit til þess og biður VR því félagsmenn að virða þessa reglu framvegis.



Enn eru laus sæti á sólarströnd í sumar

VR samdi við Sumarferðir um ferðir til Calpe á Spáni, Mallorca, Portúgal, Tenerife og Lanzarote á mjög góðu verði í sumar. Allir fullgildir félagsmenn geta sótt um og fer hver og einn sjálfur inn á vefinn og gengur frá sinni pöntun. Til að bóka og ganga frá sólarlandaferðinni þarftu að fara inn á Mínar síður á www.vr.is. Þeir sem ekki hafa lykilorð að Mínum síðum geta sótt um það á www.vr.is og fengið sent í pósti á það heimilisfang sem skráð er á viðkomandi í félagaskrá VR.

ORLOFSMÁL

Rýnt í framtíð orlofsmála hjá VR

Orlofsmálin hafa tekið miklum breytingum á síðustu árum, bæði framboð á orlofstækifærum og orlofsvenjur Íslendinga. Af þeim ástæðum hefur VR ákveðið að gera könnun í formi rýnihópa meðal félagsmanna þar sem kannaður er hugur þeirra til fyrirkomulags orlofshúsamála hjá félaginu. Tilgangurinn er að komast að því hvort áhugi sé á óbreyttu fyrirkomulagi á rekstri orlofshúsa og orlofsmálum í heild sinni, hvort breyta

eigi rekstrinum á einn eða annan hátt eða hvort hætta eigi honum. Það getur reynst erfitt að fá fram marktæk svör við flóknum spurningum í almennri skoðanakönnun og því valdi félagið að fara þessa leið. Félagsmönnum er boðið að taka þátt og er áhersla lögð á að hóparnir endurspeglí samsetningu félagsins eins og unnt er. Niðurstöðurnar verða síðan notaðar til að móta stefnu félagsins í þessum málaflokki til næstu ára.



Fríið er að...



... slaka á og njóta ljúfra veitinga.



... drekka í sig listir og menningu, hvenær og hvar sem færi gefst.



... njóta samvista við ástvini í falgri náttúru Íslands.



... að röltu í flæðarmálinu, láta hugann reika og hlusta á ölduniðinn.



... fá útrás fyrir sköpunargleðina sem blundar í okkur öllum.

Krossgátan



Verðlauna-krossgáta kr. 8000

Lausn krossgátunnar í janúarblaðinu var málshátturinn: „**Fáir halda sig minni menn en þeir eru.**“ Vinningshafinn að þessu sinni er **Þóra Jónsdóttir** sem starfar á Grund. Við óskum henni til hamingju með verðlaunin sem eru 8.000 krónur.

Lausnin í krossgátunni hér til hliðar er að venju málsháttur. Síðasti móttökudagur lausna er 15. apríl 2007. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifði „krossgáta“ utan á umslagði.

Utanáskriftin er: VR-blaðið, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á vr@vr.is



Ekki boðið uppá kaffi 1. maí

VR mun ekki bjóða uppá kaffiveitingar þann 1. maí eins og verið hefur undanfarin ár. Þess í stað verður þeim fjármunum sem annars yrði varið til þess að greiða fyrir kaffi og meðlæti varið til velferðarmála til hagsbóta fyrir félagsmenn. Við hvetjum hins vegar félagsmenn til að taka þátt í kröfugöngu og fundum víðs vegar um land á þessum baráttudegi verkafólks.

KJARAMÁL

Launaþróun á netinu

Ný reiknivél VR á heimasíðunni, www.vr.is, sem sýnir samanburð á launaþróun, hefur mælst mjög vel fyrir meðal félagsmanna og mikið verið sótt. Þessi reiknivél sýnir þér svart á hvítu hvort þín laun hafa þróast með sambærilegum hætti og laun á almennum markaði, hvort þau séu í samræmi við niðurstöður síðustu launakönnunar VR og jafnframt hvort launin hafa haldið kaupmætti sínum á þeim viðmiðunartíma sem þú velur.

Með þessari nýju reiknivél geturðu reiknað út breytingar á þeim launum sem þú slærð inn frá upphafsmánuðinum til lokamánaðarins. Þú velur mánuðina, slærð inn launin og velur síðan hvaða launaupplýsingar þú vilt fá til samanburðar úr launakönnun VR. Hægt er að

sleppa samanburðinum við launakönnunina. Með þessu færðu yfirlit sem þú getur prentað út og tekið með í launaviðtal við þína vinnuveitendur.

Ef þú ert ekki viss um hver launin þín voru í upphafs- eða lokamánuði geturðu séð upplýsingar um félagsgjöld þín á Mínum síðum en félagsgjald er 1% af heildarlaunum. Mikilvægt er að laun í upphafs- og lokamánuðum endurspegli sama starfshlutfall og vinnutíma, að öðrum kosti verður niðurstaðan röng. Til dæmis geta nokkrir greiddir yfirvinnutímar í öðrum hvorum mánuðinum eða launalaust leyfi skekkt niðurstöðuna.

Nánar á heimasíðu VR, www.vr.is

Aðalfundur VR

verður haldinn á Nordica hótél mánudaginn 26. mars nk. og hefst kl. 19:30.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Framlag í VR varasjóð
- Laga- og reglugerðabreytingar



TAKIÐ MIÐA

2. apríl 2007

Fyrstur bókar, fyrstur fær

Breyttar reglur
um bókun orlofshúsa VR



2. apríl 2007

Fyrstur bókar, fyrstur fær

Breyttar reglur
um bókun orlofshúsa VR

Orlofshús VR

Mánudagsmorguninn 2. apríl kl. 8:30 hefjast bókanir á orlofshúsum og tjaldvögnum VR fyrir sumarið 2007. Miklar breytingar hafa verið gerðar á leigufyrirkomulagi orlofshúsa, nú þarf ekki að fylla út umsóknareyðublöð og engin bið er eftir úthlutun. Hver og einn getur bókað og gengið frá greiðslu fyrir orlofshús á www.vr.is, í síma 510 1700 eða á skrifstofu okkar og gildir þá reglan fyrstur bókar, fyrstur fær. Nánar á www.vr.is.